

## 7. fundur stjórnar ForMA skólaárið 2015-2016

Haldinn fimmtudaginn 3. mars 2016 kl. 16:30 í Meistarastofu.

Mætt voru: Ester Stefánsdóttir, Erla Sigurðardóttir, Ásdís Elva Helgadóttir og Heimir Harldsson námsráðgjafi. Gestir voru: Heimir Jóhannsson og 2 fulltrúar úr stjórn Samtaka.

1. Heimir Jóhannsson sagði frá starfi félagsins, en Samtaka er nafn á svæðisráði foreldra í grunnskólum Akureyrarbæjar. Foreldrafélögum MA og VMA hefur verið boðin þátttaka og hefur Ásdís Elva Helgadóttir setið sem fulltrúi ForMA á mánaðarlegum fundum í vetur.

Tilgangur Samtaka er að styrkja rödd foreldra sem hagsmunahóps í sveitarfélaginu og sameina krafta þeirra til góðra verka í skólamállum, meðal annars með því að auka samskipti milli foreldra og grunnskóla bæjarfélagsins og með því að velja fastan fulltrúa foreldra úr svæðisráðinu sem áheyrnarfulltrúa á fundum skólanefndar. Þannig má auka upplýsingaflæði frá foreldrum til skólayfirvalda og öfugt. Svæðisráðið er jafnframt tengiliður foreldra á Akureyri við Heimili og skóla, landssamtök foreldra, og tilnefnir fulltrúa í fulltrúaráð samtakanna.

Heimir sagði frá nýju verkefni sem setja á í gang næsta haust. Foreldrarölt sem verður samstarfsverkefni Rósenborgar, skóladeildar, lögreglunnar og Samtaka. Hugmyndin er að 10. hverja viku eigi hvert foreldrafélag fulltrúa á foreldraröltinu í miðbæ Akureyrar sem er til staðar ef á þarf að halda.

ForMA hefur áhuga á þessu verkefni og mun kynna það á aðalfundi félagsins við skólasetningu MA haustið 2016.

Þar með er efni fundar upptalið. Næsti fundur er áætlaður 14. apríl kl. 16:30 í Gamla skóla.

Fundargerð ritaði í fjarveru ritara Ester Stefánsdóttir.